



Ábyrgðartrygging heilbrigðisstarfsfólks

Skilmáli nr. AA52

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. AA52.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framár skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framár frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Trygging þessi er fyrir sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir sem njóta lögverndaðs starfsheitis og þurfa starfsleyfi landlæknis.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Tryggður er sá heilbrigðisstarfsmaður sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hvar gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir á Íslandi.

3. Hvenær gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin tekur til skaðabótakröfu á hendur tryggðum sem stofnast á tryggingartímabilinu án tillits til þess hvenær það atvik varð sem krafan reis af.
- 3.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
- a) Tjónþoli gerir skaðabótakröfu á hendur tryggðum eða VÍS.
 - b) Tryggðum verður fyrst kunnugt um að sjúklingur hans eða þriðji aðili hefur orðið fyrir tjóni sem gæti fallið undir tryggingu þessa og kunnir að verða rakið til gáleysis tryggðs, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði.
- 3.3 Skaðabótakröfu samkvæmt gr. 3.2 sem rakin er til tjóns sem verður hvort heldur skyndilega eða smám saman bætir VÍS ekki hafi tjón komið í ljós að einhverju eða öllu leyti áður en tryggingartímabilið hófst.

4. Hvað bætir tryggingin?

- 4.1 Tryggingin bætir beint líkams- eða munatjón sjúklings/skjólstæðings eða þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum:
- a) Vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - b) Sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar sem notuð er við tilgreinda starfsemi.
- 4.2 Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr.
- 4.3 Tryggingin bætir tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

5. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 5.1 Tryggingin bætir ekki:
- a) Tjón sem tryggður tekur á sig ef ábyrgðin er víðtækari en almenn bótaábyrgð hans sem heilbrigðisstarfsmanns á því sviði sem tryggingin tekur til.
 - b) Sektir og önnur viðurlög sem falla á tryggðan.
 - c) Tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem:
 - i. Tryggður á einn eða með öðrum.



- ii. Tryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans, þar á meðal muna sem tryggður hefur tekið í heimildarleysi.
- iii. Verður af völdum eldsvoða.
- d) Tjón vegna meðferðar sem:
 - i. Fellur utan hefðbundins starfssviðs tryggðs.
 - ii. Tryggður hefur ekki réttindi til að framkvæma samkvæmt lögum eða heimildum stjórnvalda.
 - iii. Verður vegna þess að meðferðin, þ.m.t. lyfjagjöf, hafi ekki þau áhrif er að var stefnt, hafi orðið dýrari en hliðstæð meðferð, reynst ónauðsynleg eða árangurslaus.
- e) Tjón sem verða vegna starfa sem unnin eru á vegum heilbrigðisstofnunar nema unnið sé án endurgjalds frá stofnuninni og ábyrgðin hvíli ekki á hlutaðeigandi stofnun samkvæmt gildandi réttarreglum um atvinnurekandaábyrgð.
- f) Tjón vegna skemmda á erfðaeftum sjúklings.
- g) Tjón vegna lýta- og fegrunaraðgerða.
- h) Tjón vegna tilrauna með lyf eða vegna klínískra tilrauna.
- i) Tjón vegna notkunar á geislavirkum efnum eða vegna annarra aðferða til lækni meðferðar í rannsóknartilgangi.
- j) Tjón vegna glasafrjövngana, frjósemisaðgerða eða fóstureyðinga.
- k) Tjón vegna notkunar lyfja sem hafa þann tilgang að breyta þyngd sjúklings.
- l) Tjón sem leiðir af skaðsemisábyrgð er fellur á tryggðan.
- m) Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.
- n) Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu og sveppagróðurs.
- o) Tjón sem leiðir af skaðabótaábyrgð er fellur á tryggðan sem eiganda eða notanda skráningarskylds ökutækis, loftfars, skips, báts eða annars farartækis.
- p) Tjón vegna byggingaframkvæmda á fasteign sem tryggður á eða notar.
- q) Endurkröfu frá almannatryggingum.
- r) Tjón sem rakið verður til mengunar lofta, jarðar, gróðurs, vatns eða sjávar. VÍS greiðir þó bætur vegna slíks tjóns ef það verður rakið til eins skyndilegs og óvænts atburðar.
- s) Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Tryggður skal ávallt starfa í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstétt þá sem fellur undir tryggða starfsemi samkvæmt tryggingu þessari.
- 6.2 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum í lögum og reglugerðum að því er varðar mengunarvarnir.

7. Tryggingarfjárhæð

- 7.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við tryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Heildargreiðsla VÍS vegna allra tjónsatburða innan sama tryggingartímabils getur aldrei orðið hærrí en fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 7.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til að skera úr um bótaskyldu tryggðs og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni.
- 7.3 Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða.
- 7.4 Tryggingarfjárhæðir breytast árlega við endurnýjun til samræmis við breytingar á vísitölu neysluverðs.

8. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 8.1 Bætur fyrir líkamstjón ákvarðast á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.
- 8.2 Bætur sem greiða ber úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatriggingu tryggðs koma að fullu til frádráttar bótum úr þessari tryggingu. Sama gildir þótt atvinnuslysatrigging sé ekki fyrir hendi.
- 8.3 Kaup sem tryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningum að greiða einstaklingi sem orðið hefur fyrir slysi kemur að fullu til frádráttar frá bótum úr tryggingu þessari.



9. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 9.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 9.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 9.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi VÍS greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 9.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 9.5 Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggðs.

10. Staða tjónþola við tjón

- 10.1 Ef trygging tekur til tjóns tryggðs vegna skaðabótaábyrgðar sem hann ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. VÍS og tryggðum er skylt að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 10.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggðum án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggðan.
- 10.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur það þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggðum. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 10.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

11. Meðferð bótaskylda

- 11.1 Tryggður má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS.
- 11.2 VÍS kemur fram fyrir hönd hinna tryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

12. Lok tryggingar

- 12.1 Tryggingin fellur sjálfkrafa úr gildi, falli starfsheimild eða starfsleyfi tryggðs niður.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.